



Félagið Ísland-Palestína
Depluhólar 9 | 111 Reykjavík
palestina@palestina.is
kt 520188-1349

Til utanríkismálanefndar Alþingis,

Umsögn Félagsins Ísland-Palestína við tillögu til þingsályktunar um merkingu á vörum frá hernumdum svæðum Palestínu, 76. mál.

Félagið styður það að íslenskir neytendur geti með skilmerkilegum hætti séð hvaða vörur sem þeim stendur til boða séu framleiddar í landtökubýggðum á herteknu palestínsku landi. Byggðum sem teljast ólöglegar samkvæmt alþjóðalögum - og hafa undanfarið verið bæði að stækka og fjölga í trássi við samþykktir Sameinuðu þjóðanna.

Vörur í umræddum landtökubýggðum eru ekki framleiddar í Ísrael, heldur á herteknu palestínsku landi, og því er beinlínis rangt og ekki í samræmi við alþjóðlalög og samþykktir Sameinuðu þjóðanna að merkja vörur frá þeim sem ísraelskar.

Félagið vill jafnframt áréttta að umræddar vörur ættu ekki að vera merktar sem palestínskar, enda framleiddar í byggðum sem reistar eru í trássi við vilja palestínskra yfirvalda og allra fjöldahreyfinga Palestínumanna.

Félagið hvetur til þess að umrædd tillaga til þingsályktunar verði samþykkt.

Félagið hvetur jafnframt til þess að viðskipti Íslands við infædda íbúa Palestínu og löglegar byggðir í landinu séu aukin, meðal annars í gegnum bráðabirgðarfríværslunarsamning EFTA og PLO (Frelssamtaka Palestínu) - og að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir því að Palestínumenn geti nýtt sér umræddan samning og þau fríðindi sem honum fylgja. Ljóst er að hernámið og hernámsaðillinn kemur í dag veg fyrir að svo sé í dag.

Samþykkt á stjórnarfundum félagsins 21. mars, 2017

- Stjórn Félagsins Ísland-Palestína